

Dalvegur 30

Ljósmengun

Slökkva á öllum skiltum sem snúa að Dalvegi strax, einnig þarf að fara fram á það við húseiganda að slökkt sé á öllum ljósum í öllum byggingunum eftir 22:00 á kvöldin.

Gagnaver

Upplýst var á kynningarfundinum að fyrirhugað er að setja upp gagnaver. Gagnaveri fylgir mikill hiti sem þarf að fjarlægja. Setja þarf í byggingarleyfið takmörkun á hitaútbæstri og hávaðamengun.

Á framkvæmdatíma þarf að vera þvottastöð fyrir efnisflutninga bifreiðar, það er ekki í boði að íbúar Kópavogs borgi fyrir sóðaskap verktakans með auknum þrífum á Dalvegi.

Umferðarmál – vegtengingar

Það er staðreynd að Dalvegurinn er þegar sprunginn af umferðarpunga milli 13.30 og 17.30 á virkum dögum bílaröð frá hringtorgi við Vínbúðina upp að umferðarljósum við Rubix sem hreifist varla.

Á kynningarfundinum voru notaðar mælingar frá 2019 í stað þess að nota nýjustu mælingar. Árið 2023 var umferð á Dalveginum mæld hvern einasta dag ársins, fram kom á fundinum að ekki er mark takandi á nýjustu mælingum frá 2023. Er þetta merki um óvönduð vinnubrögð við mælingarnar á umferðinni eins og ítrekað hefur verið bent á. Við viljum réttar mælingar sem hægt er að bera saman og byggja á, enn eru ekki komnar niðurstöður í umferðarlíkanið sem er ábyggilegt.

Klára brú milli lóða Dalvegur 30d og Teits Jónassonar.

Setja í algeran forgang vegtengingu milli Reykjanesbrautar og Dalvegur.

Lækka leyfðan hámarkshraða.

Koma þarf í verk strax tengiveg meðfram Reykjarnesbraut með lokatengingu við Kraftvélar, þessi vegur myndi létta á Dalveginum, þessi tenging er búin að vera í skipulagi í yfir 20 ár.